



**172. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 15. apríl 2010 og hófst kl. 15:30.**

**Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Helga H. Magnúsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Friðrik Einarsson, Helgi Sigurðsson, Jón Gestur Viggósson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Gústaf A. Hjaltason 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Forföll: Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður**

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

### **1. Ólympísk verkefni**

Friðrik Einarsson fór yfir stöðu mála varðandi ólympísk verkefni.

- **YOG Singapore 2010**

Sviðsstjóri Afrekssviðs fór nýlega til Singapore á fund aðalfararstjóra. Farið yfir helstu atriði sem þar komu fram. Afrekssvið á í samskiptum við YOG vegna fjölda þátttakenda í sundi.

- **EYOF 2011**

Undirbúningur er á áætlun.

- **Smáþjóðaleikar 2011**

Samþykkt að stefna að því að skipa fararstjórn fyrir leikana í Liechtenstein 2011 á fundi framkvæmdastjórnar ÍSí í júní nk.

Huga þarf að skipan undirbúningsnefndar vegna 2015 en þá verða Smáþjóðaleikarnir haldnir hér á landi.

- **London 2012**

Undirbúningur á áætlun. Skila þarf pöntun í gistingu vegna gesta og opinberra aðila fyrir 30. apríl nk.

### **2. Stofnþing Kraftlyftingasambands Íslands**

Stofnþing Kraftlyftingasambands Íslands verður haldið kl. 17 í dag. Forseti ítrekaði boð til framkvæmdastjórnar um mætingu á þingið. Með stofnun Kraftlyftingasambandsins verða sérsambönd ÍSí orðin 28 að tölu.

### **3. Heiðranir**

Eftirfarandi heiðursveitingar hafa verið samþykktar með samskiptum í tölvupósti og afhentar:

Arnór Benónýsson, HSP – Gullmerki ÍSí – Samþykkt/Afhent

Anna Mikaelisdóttir, HSP – Gullmerki ÍSí – Samþykkt/Afhent

Íris Grönfeldt, UMSB – Silfurmerki ÍSí – Samþykkt/Afhent

Samþykkt að veita Birni Guðbjörnssyni, fyrrum formanni Blaksambands Íslands, Gullmerki ÍSí.

### **4. Fyrirmyndarfélög ÍSí**

Eftirfarandi viðurkenningar staðfestar:

**Umf. Stjarnan**

Aðalstjórn, fimleikadeild, handknattleiksdeild, körfuknattleiksdeild, sunddeild og knattspyrnudeild – endurnýjun.

Almenningsíþróttadeild og blakdeild – ný viðurkenning

## Umf. Skallagrímur

Knattspyrnudeild, ný viðurkenning

### 5. Fundargerðir:

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 171. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráð frá 11.3.2010, 25.3.2010 og 15.4.2010
- Almenningsíþróttasviðs frá 4.3.2010
- Fræðslusviðs frá 30.3.2010
- Laganefndar frá 13.4.2010
- **Verkefnasjóðs frá 15.4.2010**

Með tilvísan í 12.tölulið fundargerðarinnar lagði Gunnar Bragason gjaldkeri fram minnisblað vinnuhóps um ímyndar- og kynningarmál varðandi kostnað við framkvæmd viðhorfskönnunnar um íþróttahreyfinguna. Samþykkt að heimila vinnuhópnum að vinna áfram að málinu í samráði við framkvæmdastjóra.

- 29. fundur SÍÓ frá 23.2.2010
- Heiðursráðs frá 22.3.2010
- Skýrsla frá CDM fundur í Singapore

### 6. Viðburðir framundan

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru, bæði hérlendis sem erlendis og mönnun á ársþing.

#### Fram að næsta fundi:

- *Ársþing ÍA, 15.4.2010*
- *Heimsókn Íþróttasambands Færeyja (ISF) 16.-17.4.2010*
- *Formannafundur UÍA, 17.4.2010 á Vopnafirði*
- *Ársþing TSÍ, 20.4.2010*
- *Ársþing HSI, 21.4.2010*
- *Ársþing USÚ, 21.4.2010*
- *Ársþing HSV, 28.4.2010*
- *Stjórnarfundur og tækninefndarfundur GSSE, Liechtenstein 29.4.-1.5.*
- *Ársþing BSÍ, 30.4.2010*
- *Þing norræna sundsambandsins á Íslandi 1.5. 2010*

#### Til lengri tíma litið:

- *Ársþing STÍ, 8.5.2010*
- *Ársþing ÍBV, 12.5.2010*
- *Ársþing DSÍ, 18.5.2010 – 10 ára afmælisþing*
- *Ársþing KLÍ, 18.5.2010*
- *Ársþing ÍSS, 30.5.2010*
- *EOC Seminar, Malta 28.-29. maí 2010*
- *Ársþing BLÍ 5.6.2010*
- *Norrænn fundur íþróttasambanda og ólympíunefndar, 11.-12. júní 2010 í Bosön í Svíþjóð*
- *Heimsráðstefna íþróttar fyrir alla, Jyvaskyla í Finnlandi 14.-17. júní 2010*
- *Heimsókn frá Ólympíusamhjálpinni 14.-18.6.2010*
- *Ólympíuleikar ungmenna í Singapore, 15.-25.ágúst 2010*
- *Aðalfundur ANOC, Acapulco í Mexíkó 21.-23. október 2010*
- *Heimsráðstefna um íþróttir, menntun og menningu, 6.-7. desember í Durban í Suður-Afríku*
- *Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Liberec, 12.-19.febrúar 2011*
- *Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Trabzon, 24.-27.júlí 2011*

- *Smáþjóðaleikar í Liechtenstein, 30.maí - 4.júní 2011*
- *Ólympíuleikar í London 7.júlí - 12.ágúst 2012*

## **7. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Samþykkt að næsti fundur framkvæmdastjórnar verði haldinn 6. maí 2010. Samþykkt að fundir í júní, júlí og ágúst verði haldnir eftir þörfum og í tengslum við fundi framkvæmdaráðs ÍSÍ.

## **8. Önnur mál**

### **Afrekssvið framhaldsskóla**

Friðrik Einarsson lagði fram til kynningar drög að skilgreiningu á afrekssviðum framhaldsskóla. Vísað til umræðu næsta fundar.

### **Aðalfundur Getspár**

Aðalfundur Íslenskrar Getspár verður haldinn 28. apríl nk.

Samþykkt að fulltrúar ÍSÍ á fundinum verði Lárus Blöndal, Gunnar Bragason, Líney Rut Halldórsdóttir, Örn Andrésson og Helga Steinunn Guðmundsdóttir.

Samþykkt að fulltrúar ÍSÍ í stjórn Íslenskrar getspár verði eftirtaldir:

Aðalmenn: Lárus Blöndal og Gunnar Bragason

Varamenn: Líney Rut Halldórsdóttir og Örn Andrésson

### **Erindi Hnefaleikanefndar ÍSÍ**

Tekin fyrir beiðni Hnefaleikanefndar ÍSÍ þar sem óskað var eftir breytingu á reglum Hnefaleikanefndarinnar varðandi 6 mánaða æfinga/keppnisreglu sem samþykkt var á fundi framkvæmdastjórnar 8. janúar 2004.

Samþykkt að rýmka skilyrði á þann veg að nú þurfi þátttakendur í mótum að hafa stundað hnefaleika í viðurkenndum íþróttafélögum/klúbbum í a.m.k. þrjá mánuði áður en þeir taka þátt í mótum hér á landi.

### **Bréf Jóns G. Zoega, formanns Áfrýjunardómstóls ÍSÍ**

Tekið fyrir bréf Jóns G. Zoega vegna kæru Suphit Donkanha á alla dómara

Áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Með tilvísan í álit Laganefndar ÍSÍ er eftirfarandi bókun samþykkt:

***„Framkvæmdstjórn ÍSÍ telur að mál þetta sé búið að fá fullnaðarmedferð innan íþróttahreyfingarinnar með umfjöllun dómstóla ÍSÍ.***

***Framkvæmdastjórn ÍSÍ er bundin af málsmeðferð innan dómsskerfis íþróttahreyfingarinnar og hróflar ekki við sjálfstæði dómstóla ÍSÍ.***

***Vilji viðkomandi ekki una þeim niðurstöðum sem fyrir liggja verði hann að leita réttar síns út fyrir íþróttahreyfinguna.“***

Skrifstofu falið að senda málsaðila bréf með ofangreindri bókun ásamt afriti til Jóns G. Zoega, formanns Áfrýjunardómstóls ÍSÍ.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari